

Nefndasvið Alþingis
Félagsmálanefnd Alþingis
B.t. Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík.

Reykjavík, 19. maí 2004

Um: Tillögu til þingsályktunar um formlegt samstarf ríkis, sveitarfélags og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis- trygginga- og félagsmálum.

Samtökin Barnaheill styðja þessa þingsályktunartillögu því það hefur verið vitað um langan tíma, jafnvel áratugi, að oft ríkir mikil togstreita á milli ofan nefndra opinberra sviða. Þetta verður sérstaklega áberandi þegar t.d. barn eða unglingur þarf sérþjónustu, af einhverjum orsökum, frá fagaðilum frá mismunandi þjónustusviðum.

Eitt gleggsta dæmið um slíka togstreitu er þjónusta við ofvirk börn og/eða börn með athyglisbrest þar sem eilíflega er deilt um hvort um heilbrigðis- eða félagslegt "vandamál" sé um að ræða og hvort kerfið eigi að sinna þjónustunni við barnið sem þarf á aðstoð að halda. Í því sambandi er fyrst og fremst verið að hugsa um kostnað við að veita þjónustuna. Sá forvarnarkostnaður er þó miklu minni heldur en sá kostnaður sem hugsanlega fellur síðar á samfélagið ef ekki er brugðist við á réttan hátt á réttum tíma. Það krefst náinnar samvinnu fagfólks opinberrar þjónustu og þá þurfa kerfin að vera þannig uppbyggð að slík samvinna sé ekki bara skylda fagfólks heldur verði að sjálfsögðum vinnubrögðum.

Barnaheill vilja minna á að í 3. gr. Barnasáttmálans segir "Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn." Það er okkur öllum hollt að spyrja hvort sé svo ávallt raunin?

Barnaheill hefðu þó gjarnan viljað sjá nánari útfærslu á því á hvern hátt væri best að kanna kosti og áhuga á slíku samstarfi.

Virðingarfyllst,

Guðbjörg Björnsdóttir, formaður

f.h. Guðbjargar
Kristín Jónsdóttir

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1769
komudagur 15. 4. 200/1769



BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi
Stefán Andri Auðólfsson
nefndarritari
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. apríl 2004
Tilvísun : 2004030025

Vísað er til bréfs dags. 1. mars þar sem óskað var umsagnar Barnaverndarstofu um þingsályktunartillögu um samstarf ríkis, sveitarfélaga og fleiri aðila í heilbrigðis-, trygginga- og félagsmálum, 268. mál. Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara erindinu.

Barnaverndarstofa getur tekið undir sjónarmið flutningsmanna tillögunnar um að þjónusta, verkaskipting og samstarf innan velferðarkerfisins gæti oftlega verið skýrari og skilvirkari. Barnaverndarstofa hefur þó efasemdir um að heppilegt eða unnt geti verið að koma á formlegu alhliða samstarfi í heilbrigðis-, trygginga- og félagsmálum enda er hér um gríðarlega víðfeðmt svið að ræða. Að mati Barnaverndarstofu er tillagan ekki jafn markviss og hún hefði mátt vera, t.d. hefði Barnaverndarstofa talið eðlilegra að skipa nefnd þar sem sæti ættu fulltrúar ráðuneytanna og jafnvel annarra og þar sem markmiðið væri ekki síður að skoða skilgreiningar hinna ýmsu málaflokka, hvort skýra mætti verkaskiptingu og ólíka hugmyndafræði og skoða með hliðsjón af þessu möguleika á samstarfi.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu

Hrefna Friðriksdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 130/1499
komudagur 24.3.2004

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang eything@est.is


Akureyri 23. mars 2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá félagsmálanefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um samstarf ríkis, sveitarfélaga og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis-, trygginga- og félagsmálum, 268. mál. Stjórnin samþykkti eftirfarandi umsögn:

Stjórnin leggst gegn samþykkt tillögunnar í ljósi þess að hafið er sameiginlegt átak ríkis og sveitarfélaga í eflingu sveitarstjórnarstigsins. Í tengslum við átakið er unnið að tillögum að verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og þar með hugsanlegum flutningi þeirra verkefna sem um er rætt í tillögunni. Stjórnin telur eðlilegt að þau verkefni sem tillagan fjallar um verði unnin í nefndum sem starfa á vegum átaksins.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jonasson
framkv.stjóri



Alþingi

Erindi nr. Þ 130/1636

komudagur. 1.4. 2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur á fundi sínum 26. mars s.l. tekið til umfjöllunar þau mál sem borist hafa frá Alþingi á síðustu dögum og óskað er eftir umsögn um.

Hér fer á eftir afgreiðsla stjórnar og þær ályktanir sem samþykktar voru.

Mál nr. 257. Um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Stjórn FSV tekur ekki afstöðu til frumvarpsins.

Mál nr. 157. Frumvarp til laga um umönnunargreiðslur. Stjórn FSV gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

X **Mál nr. 268 Um formlegt samstarfs ríkis sveitarfélaga og fl. í heilbrigðis-trygginga-og félagsmálum.**

Stjórn FSV er því fylgjandi að samstarf ríkis-sveitarfélaga og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis-trygginga-og félagsmálum sé eftt og aukið. Sveitarfélögin sinna heimaþjónustu aldraðra og ýmsum málefnum fatlaðra og oft er ekki nægilegt samráð milli þessara aðila. Við bendum þó á að í þeim viðræðum sveitarfélaga og ríkisins sem nú fara fram um eflingu sveitarstjórnarstigsins með því að færa til þeirra aukin verkefni sem m.a. koma inn á þessa þætti þá sé hægt að bæta þá skilvirkni sem tillagan gerir ráð fyrir.

Mál nr. 156. Um breytingu á sveitarstjórnarlögum , íbúáþing.

Stjórn FSV telur ekki rétt að skylda sveitarfélögin til þess að halda íbúáþing, heldur sé það sjálfstæð ákvörðun hvers sveitarfélags. Hins vegar ef sveitarstjórn ákveður að halda íbúáþing er æskilegt að til séu einhver ákvæði um hvernig að þeim skuli staðið og um eftirfylgni þeirra. Við leggjum því til eftirfarandi breytingu á fyrstu málsgrein.:
“Sveitarstjórn er heimilt að standa fyrir íbúáþingi a.m.k. einu sinni á hverju kjörtímabili.”

Þá leggst stjórn FSV alfarið gegn því að ráðherra séu gefnar opnar heimildir til setningar reglugerða eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Mál nr. 569. Um siglingavernd. Stjórn FSV vísar umfjöllun til sveitarfélaga.



ÍSAFJARÐARBÆR

Alþingi
Erindi nr. P 130/2116
komudagur 26.4.2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Ísafirði, 20. apríl 2004
Tilvísun: 2004030011
afe/img

Efni: Umsögn Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar um tillögu til þingsályktunar um formlegt samstarf ríkis, sveitarfélaga og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis-, trygginga- og félagsmálum.

Eftirfarandi er umsögn Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar um tillögu til þingsályktunar um formlegt samstarf ríkis, sveitarfélaga og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis-, trygginga- og félagsmálum.

Aukið samstarf ríkis, sveitarfélaga og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis-, trygginga- og félagsmálum hlýtur yfirleitt að vera af hinu góða og í þessum málaflökkum þörf, einkum með tilliti til þeirra er þurfa að þiggja þjónustuna. Hins vegar verður að vera alveg ljóst hvernig kostnaðarskipting verður í verkefnum. Auknum verkefnum þarf að fylgja aukið fjármagn. Því miður er ekki hægt að segja að reynsla sveitarfélaganna af flutningi verkefna frá ríki yfir á sveitarfélögin sé mjög góð og hlýtur því forsendan fyrir hugsanlegu auknu samstarfi, og þeirri sameiningu verkefna sem hugsanlega kæmi í kjölfarið, að vera trygging á flutningi tekjustofna, frá ríki til sveitarfélaga, ásamt verkefnum.

Tilkynnist þetta hér með.

Virðingarfyllst

Ingridbjörg María
Guðmundsdóttir
Forstm. Skóla- og
fjölskylduskrifstofa
Ísafjarðarbæjar
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður
Sími 450 8001

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1442
komudagur 19.3.2004



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 18. mars 2004

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samstarf ríkis, sveitarfélaga og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis-, trygginga- og félagsmálum, 268. mál.

Læknafélag Íslands telur að rétt sé að huga að skiptingu Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis í tvö ráðuneyti og að verkefni Félagsmálaráðuneytisins verði endurskoðuð samhliða þeirri skiptingu.

Virðingarfyllst,
f.h. Læknafélags Íslands

Sigurbjörn Sveinsson
formaður

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1588
komudagur 30.3.2004

Mosfellsbæ 26. mars 2004



MOSFELLSBÆR
FJÖLSKYLDUSVIÐ

Nefndasvið Alþingis
b.t. Sefáns Árna Auðólfssonar
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Málefni: Bréf Alþingis, félagsmálanefndar dags. 01.03.04.

Fundur var haldinn í fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar þriðjudaginn 9. mars 2004, þar sem ofangreint málefni var tekið til umfjöllunar og eftirfarandi bókun gerð:


11. Mál: „Kynnt bréf Alþingis, félagsmálanefndar dags. 1. mars 2004 með beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar um samstarf ríkis, sveitarfélaga og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis-, trygginga- og félagsmálum. Fjölskyldunefnd er hlynnt erindinu.“

Staðfest á fundi bæjarstjórnar Mosfellsbæjar 17. mars 2004.

Virðingarfyllt,
fh. fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar

Sigr. Erlendsdóttir
Sigríður Erlendsdóttir þjónustufulltrúi

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1475
komudagur 23. 3. 2004



SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM
FITJUM - 260 NJARÐVÍK
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279
FAX: 421-3766

Suðurnesjum 19. mars 2004.

Nefndasvið Alþingis
Félagsmálanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK.

Varðar umsögn um tillögu til þingsályktunar um samstarf ríkis, sveitarfélaga og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis- trygginga- og félagsmálum, 268. mál.


Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 18. mars s.l. var tekið fyrir erindi yðar dags. 1. mars 2004 þar sem óskað var til umsagnar tillaga til þingsályktunar um samstarf ríkis, sveitarfélaga og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis- trygginga- og félagsmálum, 268. mál.

Eftirfarandi var fært til bókar.

Stjórnin tekur ekki afstöðu til þingsályktunarinnar.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Guðjón Guðmundsson framkv.stj.

Alþingi
Erindi nr. P 130/1498
komudagur 24. 3. 2004



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Félagsmálanefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

SA/

Rvk. 23. mars 2004

Efni: Þingsályktunartillaga um formlegt samstarf ríkis, sveitarfélaga og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis-, trygginga- og félagsmálum, 268. mál, þskj. 301.

Samtökum atvinnulífsins hefur boriðst til umsagnar tillaga til þingsályktunar um formlegt samstarf ríkis, sveitarfélaga og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis-, trygginga- og félagsmálum.

Í greinargerð með þingsályktunartillögum kemur fram að ýmis þjónusta innan velferðakerfisins, í heilbrigðis-, trygginga- og félagsmálum, dreifist milli ríkis, sveitarfélaga og ýmissa félagsamtaka. Jafnframt kemur fram að núverandi kerfi sé flókið, óskilvirkt og ógegnsætt með þeim afleiðingum að fjármunir nýtist illa.

Þjónusta velferðakerfisins grundvallast á lögum um almannatryggingar (nr. 117/1993), lögum um félagslega þjónustu (nr. 118/1993) og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga (40/1991) þannig að margir koma að málaflokknum.

Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á að markvisst sé unnið að aukinni skilvirkni í opinberum rekstri. Svo virðist háttá til að unnt sé að einfalda lagaframkvæmd á framangreindum sviðum. Samtök atvinnulífsins geta því tekið undir að kannaðir verði kostir þess að koma á auknu samstarfi milli þeirra rekstraraðila sem bera ábyrgð þjónustu velferðakerfisins.

Hannes G. Sigurðsson

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
Erindi nr. **P** 130/1295
komudagur 10.3.2004
Selfossi, 9. mars 2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 5. mars sl., var tekið fyrir erindi frá Alþingi, þar sem óskað var umsagnar um tillögutíll þingsályktunar um samstarf ríkis, sveitarfélaga, og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis-, trygginga- og félagsmálum, 268. mál.

Eftirfarandi umsögn var samþykkt:

„ Stjórnin mælir ekki með samþykkt tillögunnar í ljósi þess að nú fer fram vinna í sérstakri nefnd um eflingu sveitarstjórnarstigsins þar sem m.a. er fjallað um hugsanlegan tilflutning þeirra verkefna sem rætt er um í tillögunni. Hún er því ekki tímabær fyrr en ljóst verður um breytt verkaskipti ríkis og sveitarfélaga.“

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS


Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 130/1487
komudagur 23. 3. 2004



TRYGGINGASTOFNUN
RÍKISINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2004

KG/KSG/027/04

Efni: Tillaga til þingsályktunar um formlegt samstarf ríkis, sveitarfélaga og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis-, trygginga- og félagsmálum, 268. mál.

Vísað er til bréfs félagsmálanefndar Alþingis frá 1. mars 2004 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um tillögu til þingsályktunar um formlegt samstarf ríkis, sveitarfélaga og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis-, trygginga- og félagsmálum, 268. mál.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að félagsmálaráðherra verði falið að kanna möguleika þess að efna til formlegs samstarfs ríkis, sveitarfélaga og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis-, trygginga- og félagsmálum, t.d. með alhliða samstarfssamningi.

Tryggingastofnun ríkisins tekur undir með flutningsmönnum að oft verða hnökrar í þjónustu þess opinbera sem rekja verður til þess að þjónustan er ekki samfelld, heldur á vegum tveggja eða fleiri ráðuneyta og/eða sveitarstjórnar. Á þetta einkum við ýmsa þætti almannatrygginga- og félagsmálakerfisins. Stofnunin hvetur eindregið til þess að á þessum hnökrum verði tekið með einum eða öðrum hætti.

Virðingarfyllst,

Karl Steinar Guðnason
forstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 130/1399
komudagur 17.3.2004



Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 12. mars 2004

Landssamtökin Þroskahjálpar þakka fyrir að hafa fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar „um formlegt samstarf ríkis sveitarfélaga og ýmissa rekstraraðila í heilbrigðis-trygginga- og félagsmálum“ þskj 301 – 268 mál.


Samtökin taka undir það sjónarmið að þörf sé á aukinni samvinnu og skilvirkni á milli þeirra aðila sem koma að þjónustu við einstaklinga innan velferðarkerfisins.


Samtökin leggja til að orðalag ályktunar breytist í þá verra að „**félagsmálaráðherra verði falið að kanna möguleika og leggja fram tillögur um hvernig hægt sé að auka samvinnu og skilvirkni í heilbrigðis- trygginga-, og félagsmálum og einfalda notendum þar aðgang.**“

Með þessu orðalagi eykst að mati samtakanna svigrúm til að fjalla um og gera tillögur um aðra þætti en „formlegt samstarf“ aðila á milli.

Virðingarfyllt

f.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar


Halldór Gunnarsson, formaður


Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri